

Mál nr. 71/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar.****Meiðsli á fótboltaæfingu 16.12.2013.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 24.2.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 6.3.2017 ásamt tjónstilkynningu M til V dags. 26.10.2015, ákverkavottorði dags. 17.11.2015, úrskurði í máli nr. 179/2013 og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2108/2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 16.10.2015 kemur fram að 16.12.2013 hafi hann hlotið meiðsli á fótboltaæfingu. Nánar tiltekið er atvikinu lýst svona: „Tjónþoli var á hlaupum á fótboltaæfingu og ætlaði að sparka í bolta í burtu sem hann gerði. Eftir það steig hann niður og ætlaði að stoppa og snúa í sömu hreyfingu, þá heyrðist smellur í hné og eftir það gat tjónþoli ekki stigið í fótinn og var leiddur af velli.“ Í málskoti og læknisvottorði kemur fram að fremra krossband í hægri hné hafi slitnað.

M telur að atvikum sé ekki nægilega vel lýst í tjónstilkynningu og telur að meiðsli hans sé hægt að rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar m.t.t. gildissviðs slysatryggingar hans hjá V. M telur að meiðsli hans hafi komið fram þegar hann sparkaði í bolta og boltinn sé þar með sá utanaðkomandi þáttur sem valdið hafi meiðslunum. Einnig bendir M á að V hafi ekki sýnt fram á að meiðsli hafi komið til vegna einhvers sem gerðist vegna innra ástands líkama hans. Vísar M að auki til Hrd. 412/2011 máli sínu til stuðnings.

V telur að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en ekki utanaðkomandi atburð sem olli meiðslunum. Þá vísar V til þess að niðurstaða félagsins sé sú sama hvort sem skýring í tjónstilkynningu í upphafi sé lögð til grundvallar um að M hafi verið að stoppa og snúa í sömu hreyfingu eða seinni skýringar sem byggir á því að hann hafi verið að sparka í bolta. V telur að meiðsli M hafi komið til vegna rangrar hreyfingar hans en ekki til utanaðkomandi atburðar. Einnig vísar V til máls sem nefndin afgreiddi með úrskurði í máli nr. 179/2013 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2108/2016, til stuðnings niðurstöðu sinni.

Álit.

Í málinu liggur fyrir atvikalýsing frá M um að hann hafi hlotið meiðsli eftir að hann sparkaði í bolta á fótboltaæfingu. Ekkert liggur fyrir um að M hafi fallið og hlotið þannig meiðsli, eins og stefnandi í máli Hæstaréttar nr. 412/2011 eða að þess háttar eða nokkur utanaðkomandi atburður hafi leitt til meiðsla hans. Er því ekki hægt að álykta með öðrum hætti en að meiðsli M séu rakin til innra ástands líkama hans en ekki til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 2.2 í vátryggingarskilmálum slysatryggingar hjá V, en þar er slys skýrt þannig að það þurfi að vera um skyndilegan, utanaðkomandi atburða að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.